



24. mars
2020

Logn = Landbúnaður og Náttúruvernd

Þrjú búnaðarfélög á Snæfellsnesi hafa verið með í Svædisgarðinum frá upphafi. Nú er í undirbúningi verkefni á vegum Ráðgjafa- miðstöðvar landbúnaðarins um landbúnað og náttúruvernd.

Fulltrúaráð Svædisgarðsins leggur áherslu á að Snæfellsnes hafi byggt upp farveg fyrir samstarf og sé því girnilegur samstarfsaðili fyrir þróunar- verkefni. Við viljum vera í fararbroddi, erum tilbúin til að leggja okkur fram og verða betri í dag en í gær. Snæfellsnes hefur nú verið valið sem tilraunasvæði fyrir Logn 2020. Tveir undirbúningsfundir hafa verið haldnir, sá síðasti í gegn um netið þar sem 25 aðilar unnu saman að því að móta framkvæmd verkefnisins. Kynningarefni um verkefnið er væntanlegt á næstu vikum.



Mariugull. Ljósmynd Erlingur Hauksson.
Vör Sjávarrannsóknarsetur



Kindur á Snæfellsnesi
Svædisgarðurinn Snæfellsnes

Flokkar áfangastaða

Við höfum skipt áfangastöðum, sem eru aðgengilegir fyrir íbúa og gesti, á Snæfellsnesi upp í A, B og C staði. A og B staði má markaðssetja því þeir eru samþykktir af viðkomandi skipulagsyfirvaldi (sveitarfélag) og eiganda.

- A** A staðir eru fulluppbyggðir eftir því sem við á (bílastæði, göngustígar, skilti og aðrar merkingar og áfram má telja).
- B** B staði er verið að byggja upp.
- C** C staðir eru leyndarmálastaðir viðkomandi ferðaþjónustufyrirtækis.

Aðrir áfangastaðir eru ekki í boði. Við viljum helst stýra og stjórna með því að segja skýrt og öll saman, frá því fjölmarga sem er í boði, frekar en að banna og loka.

Snæfellsnes er líka þekkt fyrir sögur og þær eru góð leið til að miðla upplýsingum. Gestir eru hjartanlega velkomnir á Snæfellsnes og við höfum margt að bjóða. Ferðaþjónusta er líka oftast byggð upp á forsendum heimamanna og íbúar njóta góðs af.

Nú er að klárast uppfærsla á kynningarefni um A og B staði á Snæfellsnesi eftir góða samvinnu við sveitarfélögin fimm sem hér eru.

Íbúar á Snæfellsnesi eru hvattir til að ferðast um Snæfellsnes og njóta þeirrar náttúru og menningar sem í boði er.




Selir á Snæfellsnesi
Ljósmynd Tómas Kristjánsson

Fjaran okkar

Við hvetjum alla Snæfellinga sem vettlingi geta valdið að fara í fjöruferð. Vel heppnuð fjöruferð krefst svolítils undirbúnings. Mikilvægt er að vera vel búin(n), kynna sér á hvaða tíma fjaran er (vera mætt fyrir háfjöru), taka t.d. með kíkí eða bakka og fara að öllu með gát.

Fjörufræðsla er dæmi um samvinnuverkefni sem er að klárast þessa dagana. Unnið að frumkvæði Svædisgarðsins, í samstarfi við Sjávarrannsóknarsetrið Vör, Hafrannsóknarstofnun og grunnskóla á Snæfellsnesi með styrk frá Breiðafjarðarnefnd. Steinprent í Ólafsvík setti fræðsluefnið upp. Plöstuð útgáfa verður afhent öllum skólum á Snæfellsnesi um leið og aftur verður óhætt að takast í hendur. Rafræn útgáfa verður gerð aðgengileg á heimasíðum.

Boðið var upp á fjörufræðslu í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli á síðasta ári og við munum endurtaka það næsta haust þegar skólastarf verður komið í fastar skorður á ný.



Kort sem sýnir mismunandi fjörugerðir á Snæfellsnesi
Vör Sjávarrannsóknarsetur

Veistu Appið

Svædisgarðurinn, í samvinnu við Hæfnissetur ferðaþjónustunnar, hefur verið valinn sem tilraunasvæði fyrir Veistu Appið. Unnið er að tveimur spurningalistum, annars vegar fyrir hinn almenna íbúa og ferðamann og hins vegar fyrir "meistaradeildina" (þar verður hægt að sjá hvað leiðsögumenn, starfsmenn í ferðaþjónu, kennarar í átthagafræði ofl. vita í raun).

Stefnt er að því að fyrstu drög að appinu verði tilbúin í lok apríl. Þá geta allir prófað hversu mikið þeir vita í raun um Snæfellsnes. Nú er tími til að æfa sig (sjá t.d. verkfærakistu Svædisgarðsins á www.snæfellsnes.is)

Áskorendahornið / kyndillinn

Kl. 20 í kvöld, 24. mars 2020 ætlar undirrituð að stökkva í djúpu laugina og lesa heimagerða smásögu, á persónulegri Facebook síðu (Ragnhildur Sigurðardóttir) í beinni útsendingu. Sendi svo kyndilinn yfir fjallgarðinn, til Inga Hans í Grundarfirði, sem ætlar að gera eitthvað fyrir okkur á morgun.